

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/37/08

frá 10. maí 2012

um að færa díklórvos ekki á skrá fyrir vöruflokk 18 í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (*)

(tilkynnt með númeri C(2012) 3016)

(2012/254/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnu-áætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna⁽²⁾ er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB. Sú skrá nær yfir díklórvos.
- 2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1451/2007 hefur díklórvos (CAS-nr. 62-73-7, EB-nr. 200-547-7) verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í sæfivöruflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun.
- 3) Ítalía var tilnefnd sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 20. nóvember 2007 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.
- 4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi fastanefndarinnar um sæfivörur 9. desember 2011.
- 5) Mat hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar sem skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum og innihalda díklórvos,

uppfylli ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB. Þær sviðsmyndir sem metnar voru við áhættumat, að því er varðar heilbrigði manna og við mat á umhverfisáhættu, sýndu hugsanlega og óviðunandi áhættu. Því þykir ekki rétt að færa díklórvos á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 18.

- 6) Í þágu réttarvissu skal tilgreina þá dagsetningu þegar ekki má lengur setja sæfivörur í vöruflokki 18 sem innihalda díklórvos á markað, með tilliti til bæði óviðunandi áhættu af völdum þessara vara og lögmætra væntinga framleiðenda þeirra.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ekki skal færa díklórvos (CAS-nr. 62-73-7, EB-nr. 200-547-7) á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB, í vöruflokki 18.

2. gr.

Að því er varðar 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 skal ekki setja á markað sæfivörur, sem falla undir vöruflokk 18 og innihalda díklórvos, frá og með 1. nóvember 2012.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. maí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 125, 12.5.2012, bls. 53. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.